


# FORTÍÐARRADDIR

HANDRIT, PRENT OG PERSÓNULEGAR HEIMILDIR

SÝNING Á SAFNKOSTI ÚR FÓRUM  
VARÐVEISLUSVIÐS LANDSBÓKASAFNS  
ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFNS:  
ÍSLANDSSAFNS, HANDRITASAFNS,  
KVENNASÖGUSAFNS OG SÉRSAFNA



## Bókaútgáfa á Íslandi fram á nítjándu öld

Bókaútgáfa á Íslandi hófst í tíð Jóns Arasonar biskups á Hólum um 1530. Hún var í höndum kirkjunnar frá upphafi allt til 1773 og var megináhersla lögð á útgáfu guðfræðilegra rita á þeim tíma. Þó komu út nokkur rit annars efnis, m.a. yfirsetukvennafræði árið 1749 og fornrit sem prentuð voru í Skálholti á árunum 1688–1690. Prentsmiðjan var lengst af á Hólum í Hjaltadal, fyrir utan stutt skeið á Breiðabólstað og á Núpufelli, og svo í Skálholti frá 1685–1703 er hún var flutt aftur að Hólum.

Þáttaskil urðu árið 1773 þegar prentsmiðja hóf starfsemi í Hrapppsey sem gaf út ýmis rit veraldlegs eðlis, einkum fræðslurit í anda upplýsingarinnar. Árið 1795 var prentsmiðjan flutt að Leirárgörðum og sameinuð Hólaprentsmiðju árið 1799. Þar hófst bókaútgáfa á vegum Landsuppfræðingafélagsins undir stjórn Magnúsar Stephensens dómsstjóra. Árið 1816 var prentsmiðjan flutt til Beitistaða þar sem hún starfaði í þrjú ár þar til hún var flutt til Viðeyjar og loks til Reykjavíkur árið 1844. Í kjölfarið hófu fleiri prentsmiðjur starfsemi víða um land, á Akureyri 1853, Eskifirði 1877, Ísafirði 1886 og víðar, ásamt fleiri slíkum sem tóku til starfa í Reykjavík á síðari hluta 19. aldar.

Íslenskar bækur voru þó einnig gefnar út erlendis, einkum í Danmörku. Elsta íslenska bókin sem varðveist hefur í heilu lagi var prentuð í Hróarskeldu árið 1540, *Nýja testamentið* í þýðingu Odds Gottskáلكssonar. Allar íslenskar bækur, blöð og tímarit frá upphafi til okkar daga má finna í Íslandssafni og enn fremur ýmiss konar dægurprent, auglýsingar, grafskriftir og fleira.

## Sambúð handrits og prents

Samhliða útgáfu prentaðra rita þreifst viðamikil handritamenning á Íslandi. Sú menning hvíldi á handritahefð miðalda þegar veraldlegir og trúarlegir textar voru ritaðir á skinn innan kirkna, klaustra og á vegum einstaka bænda-höfðingja. Tilkoma pappírs á 16. öld gerði ritun handrita auðveldari og aukinn fornmenntaáhugi á þeirri 17. leiddi til þess að afritun gamalla texta fór fram af nokkrum krafti á biskupsstólunum og víðar.

Kvöldvakan gegndi mikilvægu hlutverki í viðgangi handritamenningarinnar allt frá miðöldum og fram á 20. öld þar sem upplestur úr handritum eða prentuðum bókum ásamt munnlegum frásögum fór fram á flestum bæjum. Lærðir skrifarar og alþýðufræðimenn rituðu upp texta og útveguðu sveit-ungum sínum handritað efni af bæði veraldlegum og guðfræðilegum toga. Þverskurð þessarar handritamenningar er að finna í handritasafni: rímur, fornsögur, sálma, galdratákn, alþýðulækningar, þjóðsögur, endurminningar, annála og margt fleira, alls um 15.000 handrit.

## Persónulegar heimildir – einkaskjalasöfn

Eftir því sem skriftarkunnátta varð almennari á 19. öld fóru fleiri þjóðfélags-  
hópar að setja texta á blað og bréfaskipti og dagbókaritun varð algengari.  
Skriflegum heimildum fór fjölgandi og fólk lét eftir sig handritað efni í  
auknum mæli: bréfasöfn, dagbækur, veðurbækur, heimilisbókhald og annað  
sem varpar fjölbreyttu ljósi á samtíma þess, sérstaklega þegar líða tók á  
20. öldina. Í handritasafni og Kvennasögusafni má því finna fjölmörg einka-  
skjalasöfn frá ýmsum þjóðfélagshópum allt fram til okkar daga.

## Kvennasögusafn

Einkaskjölum kvenna og félagasamtaka þeirra var gefið sérstakt  
rými með stofnun Kvennasögusafns Íslands árið 1975. Stofnun þess hélst  
í hendur við kvennaár Sameinuðu þjóðanna sama ár. Tilgangur safns-  
ins var og er að halda sögu kvenna á lofti og safna, skrá og varðveita  
heimildir um þá sögu, forna og nýja. Það var stofnað á heimili Önnu Sigurðardóttur, fyrstu forstöðukonu þess,  
sem gaf skjöl sín um sögu kvenna, sem hún hafði safnað í áratugi, til safnsins.  
Kvennasögusafn fluttist í Þjóðarbókhöðuna árið 1996. Þar má nú finna fjölmörg  
einkaskjalasöfn kvenna úr öllum þjóðfélagshópum og félagasamtaka þeirra  
sem varpa fjölbreyttu ljósi á Íslandssöguna.



## Sérsöfn

Bókasöfnun var vinsæl iðja fram  
eftir 20. öld og hefur Landsbóka-  
safni Íslands – Háskólabókasafni  
áskotnast ýmis sérsöfn bóka sem  
hefur verið haldið aðskildum frá  
öðrum safnkosti. Má þar nefna  
skákritasafn Willards Fiske,  
Biblíasafn Ragnars Þorsteins-  
sonar, læknisfræðisafn Jóns  
Steffensens, minningarsafn um  
Jón Sveinsson (Nonna) og safn Benedikts S. Þórarinssonar kaupmanns,  
sem myndaði stofninn að bókasafni Háskóla Íslands árið 1940. Þar er einnig  
að finna viðamiklð safn Íslandskorta allt frá upphafi til dagsins í dag. Söfnin  
eru oft gefin til minningar um fyrri eigendur og er ætlað að efla rannsóknir  
á sínum sviðum.



## Íslandssafn

Rætur Íslandssafns má rekja til stofnunar Landsbókasafns árið 1818. Hlutverk þess var að safna íslenskum ritum og var það verkefni fengið sérstakri einingu, þjóðdeild, sem komið var á fót með deildaskiptingu safnsins um miðja 20. öld þegar Landsbókasafn var til húsa í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Íslandssafn tók síðar við hlutverki þjóðdeildar. Þar er safnað öllu íslensku efni sem gefið er út á prenti: bókum, blöðum, tímaritum, bæklingum, veggspjöldum og svo mætti lengi telja, allt frá upphafi prentunar á Íslandi til dagsins í dag. Þar má einnig finna efni sem gefið er út erlendis um Ísland og Íslendinga.

## Handritasafn

Handritasafni var komið á fót innan Landsbókasafns árið 1846 með kaupum á handritasafni Valgerðar Jónsdóttur biskupsekkju. Safnkostur þess jókst ár frá ári, einkum með handritasafni Jóns Sigurðssonar forseta sem var keypt til safnsins árið 1877 og safni Hins íslenska bókmennta-félags árið 1901. Á handritasafni er safnað handritum og einkaskjalasöfnum einstaklinga og félagsamtaka og eru nú varðveitt þar rúmlega 15.000 handrit og um 1.300 einkaskjalasöfn. Handritin eru af fjölbreyttum toga og veita innsýn í þjóðmenningu síðari alda. Einkaskjalasöfnin hafa að geyma upplýsingar um líf og störf Íslendinga úr fjölmörgum þjóðfélagshópum frá 19. og 20. öld. Þar eru einnig varðveitt um þúsund ára gömul handritabrot á skinni. Hlutverk handritasafns er að halda áfram söfnun handrita og einkaskjala, varðveita þau, skrá, miðla og rannsaka.

## Kvennasögusafn

Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1. janúar 1975 á heimili Önnu Sigurðardóttur að frumkvæði hennar, Svanlaugar Baldursdóttur og Else Miu Einarsdóttur. Það var flutt í Þjóðarbókhlöðu árið 1996. Kvennasögusafn hefur það að markmiði að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Þar er tekið á móti einkaskjalasöfnum og þau varðveitt, bæði einstaklinga og félagsamtaka, ásamt því að miðla þekkingu um sögu kvenna og aðstoða þá sem til þess leita við öflun heimilda vegna rannsókna á sviði kvennasögu og kynjafræða.

## Sérsöfn

Á sérsöfnum eru varðveitt ýmis bókasöfn, aðallega einstaklinga, sem haldið er aðgreindum frá öðrum safnkosti Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Stærst þeirra er safn Benedikts S. Þórarinssonar kaupmanns sem myndaði stofninn að bókasafni Háskóla Íslands árið 1940.

Efni úr fórum þessara eininga má finna á:  
*timarit.is* – *bækur.is* – *islandskort.is* – *handrit.is*  
*kvennasogusafn.is* – *bokaskra.landsbokasafn.is*

